

Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar

04 481

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar
Fjárlagaliðurinn er í umsjón
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
kt. 710812-0120
Skúlagata 4, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs og heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 21 og málaflokka 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 209,6 milljónir og afkoma kr. 7,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 7,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 7,0 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu fjárlagaliðarins Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga.

Skrifstofustjóri staðfestir hér með ársreikning fjárlagaliðarins Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Guðrún Gísladóttir

Skrifstofustjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	<u>209.600.000</u>	<u>209.200.000</u>
Tekjur samtals		209.600.000	209.200.000
Gjöld			
Annar rekstrarkostnaður	3	<u>202.600.000</u>	<u>209.200.000</u>
Gjöld samtals		202.600.000	209.200.000
Afkoma fyrir fjármagnsliði		7.000.000	0
Afkoma ársins		<u><u>7.000.000</u></u>	<u><u>0</u></u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
Eignir			
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	4	<u>7.000.000</u>	<u>8.100.000</u>
Veltufjármunir samtals		<u>7.000.000</u>	<u>8.100.000</u>
Eignir samtals		<u><u>7.000.000</u></u>	<u><u>8.100.000</u></u>
 Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	5		
Hrein eign		<u>6.999.998</u>	<u>0</u>
Eigið fé samtals		<u>6.999.998</u>	<u>0</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	4	<u>0</u>	<u>8.100.000</u>
Skuldir samtals		<u>0</u>	<u>8.100.000</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>0</u></u>	<u><u>8.100.000</u></u>
 Aðrar upplýsingar	6		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		7.000.000	0
		<u>7.000.000</u>	<u>0</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>0</u>	<u>0</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		2	2
Br. á árslokastöðu f. árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins ..		(2)	(2)
		<u>0</u>	<u>0</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>0</u></u>	<u><u>0</u></u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Fjárheimildir ársins til rekstrar, rekstrartilfærslna og fjármagnstílfærslna eru færðar til tekna á árinu.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- skuldbinding vegna eiginfjárframlaga: umsamin fjárhæð eiginfjárskriftar sem ekki hefur verið viðurkennd til greiðslu eða er innkallanleg fyrir dagsetningu reikningsskila
- leiguskuldbinding: óuppsagjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsagjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgögnukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2020	2019
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	209.600.000	209.200.000
Tekjufærsla fjárveitinga	209.600.000	209.200.000

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum	180.200.000	0	0	180.200.000
Fjárukaalög 5	29.400.000	0	0	29.400.000
Fjárveiting til tekna	209.600.000	0	0	209.600.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(202.600.000)	0	0	(202.600.000)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	7.000.000	0	0	7.000.000

	2020	2019
3 Annar rekstrarkostnaður		
Samningsbundin kaup og leiga	202.600.000	209.200.000
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	202.600.000	209.200.000
Annar rekstrarkostnaður samtals	202.600.000	209.200.000

31.12.2020 **31.12.2019**

4 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	7.000.000	8.100.000
	<u>7.000.000</u>	<u>8.100.000</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	0	8.100.000
	<u>0</u>	<u>8.100.000</u>

5 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	31.12.2020	31.12.2019
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	0	2
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	(2)	(2)
Afkoma ársins	7.000.000	0
Jöfnuður 31.12.	<u>6.999.998</u>	<u>0</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

6 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Einn skuldbindandi samningur hefur verið gerður hjá fjárlagaliðnum. Samningurinn er um þjónustu á sviði rannsókna, þróunarvinnu og sérhæfðrar ráðgjafar og gildir til ársins 2023. Áætluð heildargreiðsla á árinu 2021 er 211 m.kr.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum, engar óefnislegar eignir eru hjá stofnuninni.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.